

AUGLÝSING um veiðigjald og þorskígildi.

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiarinu 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 skulu eigendur skipa greiða kr.1,99 fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda.

2. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 eru þessir:

Tegund:	Stuðlar:	Tegund:	Stuðlar:	Tegund:	Stuðlar:
Þorskur	1,00	Úthafsækja	0,68	Beitukóngur	0,24
Ýsa	0,68	Litli karfi	0,10	Kúskel	0,02
Ufsi	0,36	Lýsa	0,36	Blágóma	0,03
Karfi	0,47	Blálanga	0,48	Grásleppuhrogn	2,84
Langa	0,56	Sléttilanghali	0,16	Búrfiskur	1,71
Keila	0,39	Tindaskata	0,11	Snarphali	0,10
Steinbitur	0,62	Hlýri	0,70	Litla brosma	0,09
Skötuselur	1,59	Skata	0,50	Náskata	0,16
Grálúða	1,64	Háfur	0,97	Sandhverfa	4,14
Skarkoli	1,13	Hákarl	0,04	Urrari	0,14
Sólkoli	1,62	Hámeri	2,32	Broddabakur	0,14
Langlúra	0,70	Gulllax	0,38	Gjólnir	0,15
Sandkoli	0,49	Lúða	2,60	Stinglax	0,32
Skrápflúra	0,44	Öfugkjafta	0,35	Hvítskata	0,22
Síld	0,09	Makrill	0,08	Sæbjúga	0,03
Loðna	0,06	Geirnyt	0,08	Rauðmagi	0,25
Humar (slitinn)	6,52	Trjónukrabbi	0,36	Grásleppa	0,47
Innfjarðarækja	0,45	Smokkfiskur	0,33		

Ofangreindir stuðlar gilda við álagningu veiðigjalds, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. sömu laga.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi, kemur til framkvæmda 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 2004.

Árni M. Mathiesen.

Vilhjálmur Egilsson.